

Mál nr. 9/2008

Fjölner gegn Stjörnunni

Kæra Fjölner

Dómkröfur

Við setjum 2 kröfur.

Aðalkrafa: Að leikurinn skuli vera spilaður að nýju á Fjölnerisvelli.

Varakrafa: Að leikurinn skuli vera spilaður að nýju á Stjörnuvelli.

Málavextir

Davíð Sævarsson var skráður sem aðstoðardómari 2 og einnig skráður á skýrslu sem leikmaður nr. 15. Einnig var dómari leiksins ekki með réttindi.

Okkur finnst það ekki boðlegt að umgjörð í bikarleik í 2. flokks karla skuli vera með þessum hætti.

Eftir leikinn fór svo aðstoðardómari 2 til leikmanna heimaliðsins og fagnaði með þeim.

Einnig var hann að tala um að sigurmarkið hafi verið klárlega rangstæða.

Tilvísun

Eftir ýtarlega leit í lögum og reglugerðum KSÍ fundum við ekkert sem nær yfir þetta mál.

Röksemdir

Við setjum fram þessa kæru til að vekja athygli á þessum málum. Við erum ekki að biðja um að fá sigur í þessum leik heldur viljum fá anna leik sem er spilaður við réttar og sanngjarnar aðstæður.

Erum ekki að dæma aðstoðardómarann fyrir sín störf heldur setjum við spurningar merki við félagið að setja hann í þessa stöðu.

Síðan vakna upp spurningar hvort einstaklingur megi sinna meira en einu starfi á skýrslu.

Þjálfari má ekki fara inná sem sjúkráþjálfari en varamaður má fara að sinna störfum aðstoðardómara. Er þetta sanngjarnt???

Sönnungargögn

Leikskýrsla frá leik Stjörnunnar og Fjölneris í bikarkeppni 2. flokks karla föstudaginn 4. júlí.

Viti

Birna Sif Kristinsdóttir

Kt. 260990-2259

Berjarimi 17

Hörður Jóhannsson

Kt: 020791-2419

Laufriimi 13

Virðingarfyllst,
f.h. Fjölneris
Hermann Hreinsson

Greinargerð Stjórnunnar

Varðandi málavexti

Knattspyrnudeild Stjórnunnar harmar þau mistök sem urðu við útfyllingu leikskýrslu félagsins í ofangreindum leik. Forráðamönnum liðsins láðist að strika Davíð Sævarsson út af skýrslunni, en leikmaðurinn hafði verið settur á skýrsluna fyrir misgáning. Davíð á við meiðsli að stríða og gat því ekki tekið þátt í þessum tiltekna leik.

Óumdeilt er að Davíð Sævarsson tók að sér að vera aðstoðardómari á leiknum, þegar áður boðaður aðstoðardómari mætti ekki til leiks.

Að mati Knattspyrnudeildar Stjórnunnar verður ekki séð að frammistaða dómara leiksins hafi ráðið úrslitum hans. Þar hafi frammistaða leikmanna liðanna ráðið úrslitum.

Varðandi tilvísun

Knattspyrnudeild UMF Stjórnunnar hefur heldur ekkert fundið sem stutt getur kröfur Fjölnis.

Varðandi röksemdir

Með vísan í framangreint sér Knattspyrnudeild UMF Stjórnunnar ekki með hvaða rökum dómstóll KSÍ getur orðið við kröfum Fjölnis.

Varðandi sönnunargögn

Knattspyrnudeild UMF Stjórnunnar gerir ekki athugasemd við framlögð sönnunargögn og ítrekar að mistök voru gerð við útfyllingu leikskýrslunnar.

Dómkröfur Knattspyrnudeildar Stjórnunnar

Knattspyrnudeild Stjórnunnar krefst þess að málinu verði vísað frá dómi. Til vara er gerð krafa um sýknu í málinu.

f.h. Knattspyrnudeildar Stjórnunnar
Með bestu kveðju / Kind regards
Páll Grétarsson
framkvæmdastjóri UMF Stjórnunnar

Úrskurður frá Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Ár 2008, föstudaginn 18.júlí er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Sigurði Inga Halldórssyni, Presti Ríkharðssyni og Gunnari Guðmundssyni

Fyrir er tekið málið nr. 9/2008:

Ungmennafélagið Fjölnir
gegn
Ungmennafélaginu Stjórninni, knattspyrnudeild

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Ungmennafélagið Fjölnir, kt 631288-7589
Dalhúsi 2, Reykjavík

Kærði:

Ungmennafélagið Stjarnan, kt.580589-1389, Stjörnuheimilinu, Garðakaupstað

Mál þetta er móttækið af skrifstofu KSÍ 11. júlí sl. með kærubréfi. Dómari ákvað að málið fengi flýtimeðferð og var kærða gefinn kostur á skila andsvörum innan sólarhrings sem hann og gerði, en svar kærða barst skrifstofu KSÍ 15.júlí s.l..

Kröfur:

Kærandi krefst þess að leikur sem leikinn var í VISA bikarkeppni 2.flokks karla hinn 4.júlí s.l. verði leikinn að nýju á heimavelli kæranda en til vara á heimavelli hins kærða félags.

Knattspyrnudeild Stjörnunnar krefst þess að málinu verði vísað frá dómi. Til vara er gerð krafa um sýknu í málinu.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum þannig að Davíð Sævarsson hafi í umræddum leik verið skráður á leikskýrslu sem aðstoðardómari 2 og einnig sem leikmaður nr. 15 í liði Stjörnunnar. Ennfremur hafi dómari leiksins ekki haft tilskilin réttindi. Kæra þessi sé sett fram til að vekja athygli á málinu, en ekki sé boðlegt að umgjörð leiks í bikarkeppni 2. karla sé með áðurgreindum hætti. Kærandi gerir ekki kröfu um að hið kærða lið tapi leiknum ,en hin vegar er þess krafist eins og fram kemur að leikurinn verði leikinn að nýju.

III

Hið kærða félag gerði m.a. eftirfarandi athugasemdir við framangreinda kæru;

"Varðandi málavexti

Knattspyrnudeild Stjörnunnar harmar þau mistök sem urðu við útfyllingu leikskýrslu félagsins í ofangreindum leik. Forráðamönnum liðsins láðist að strika Davíð Sævarsson út af skýrslunni, en leikmaðurinn hafði verið settur á skýrsluna fyrir misgáning. Davíð á við meiðsli að stríða og gat því ekki tekið þátt í þessum tiltekna leik.

Óumdeilt er að Davíð Sævarsson tók að sér að vera aðstoðardómari á leiknum, þegar áður boðaður aðstoðardómari mætti ekki til leiks.

Að mati Knattspyrnudeildar Stjórnunnar verður ekki séð að frammistaða dómara leiksins hafi ráðið úrslitum hans. Þar hafi frammistaða leikmanna liðanna ráðið úrslitum. "

IV.

Niðurstaða:

Það er augljóst að gerð voru mistök við úfyllingu leikskýrslu hins kærða félags í áðurnefndum leik, þar sem forráðamönnum liðsins láðist að strika Davíð Sævarsson út af skýrslunni sem leikmann, en eins og áður er komið fram sinnti hann störfum sem aðstoðardómari 2 í viðkomandi leik. Dómurinn telur þó að þessi misgáningur við skýrslugerð leiði ekki til þess að fallast beri á kröfu kæranda.

Ennfremur ber að vísa athugasemdum kæranda varðandi réttindaleysi dómara á bug með vísan til ákvæða í grein 38.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, þar sem kærandi uppfyllti ekki þaus kilyrði sem þar koma fram.. Öllum mótbárum varðandi dómara og aðstoðardómara bar að koma fram á keppnisstað fyrir leik eins og reyndar öllum öðrum mótmælum vegna undirbúnings kappleiks, stærð knattar og annars er varðar framkvæmd leiksins.

Af framansögðu eru kröfur kæranda í málinu ekki teknar til greina og ber því að sýkna hið kærða félag. Af því leiðir að ekki er fallist á frávísunarkröfu hins kærða félags.

V.

Úrskurðarorð:

Ungmennafélagið Stjarnan, knattspyrnudeild er í máli þessu sýkn af kröfum Ungmennafélagsins Fjölnis. Úrslit í leik framnagreiðra félaga í 2 flokki í VISA bikarkeppni karla sem fram fór hinn 4. júlí sl. skulu standa óbreytt.

Gunnar Guðmundsson

Sigurður Ingi Halldórsson

Þröstur Ríkharðsson

Um áfrýjun:

Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ skal vera 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.